

Safnahúsið Ísafirði Gamla sjúkrahúsið

Ársskýrsla 2013

Ársskýrsla safnanna í Safnahúsinu 2013

Gamla sjúkrahúsið hýsir Bæjar- og héraðsbókasafnið Ísafirði, Héraðsskjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Húsið var vígt sem safnahús árið 2003.

Þann 8. desember 1987 samþykkti bæjarstjórn að gamla sjúkrahúsið yrði gert að safnahúsi. Það varð svo eitt af menningarhúsum bæjarins í kjölfar menningarhúsasamnings við ríkissjóð.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar þann 12. júní 2003 skyldi Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni framvegis nefnast Safnahúsið Eyrartúni. Jafnframt var samþykkt að merki hússins yrði mynd af framhlið þess.

Vefur safnanna er www.safnis.is.

Bókasafnið:

Bókasafnið á Ísafirði starfar samkvæmt bókasafnslögum nr. 150 frá 2012. Í 1. grein segir að hlutverk bókasafna sé að vera „...þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.“ Einnig segir í 6. grein: „ Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“

Bókasafnið mun setja sér leiðarljós og markmið í samræmi við lögin.

Lykiltölur:

Útlán: 19.147 (20.186)

Útlán á íbúa: 5.6 (5.4)

Millisafnalán: fengið 36/sent 23 (60/41)

Heimsóknir leikskólabana, skipulagðar : 12 (9)

Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 3 (1)

Afgreiðslustundir á viku: 28 (28)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok: 47.651 (34.614)

Sumarlestur: 48 (42)

Starfsfólk: 3 (3). Stöðugildi: 2.60 (2,50.)



Þjónusta safnsins:

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglinga. Upplýsingaþjónusta er snar þáttur í starfsemi bókasafnsins: almenn- ingur, skólar, stofnanir og fólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir.

Starfið á árinu:

Haldið áfram að skrá og tengja efni í Gegni, lokið við að skrá allt í útlánasölum og skáldsögur og barnabækur úr kjallara. Töluvert var afskrifað af gömlum og lúnum bókum í leiðinni. Skráning í Gegni var í forgangi á árinu. Byrjað að tengja tímarit í Gegni.

Sumarmánuðina var boðið upp á sumarlestur fullorðinna í fyrsta sinn, framkvæmdin svipuð og með sumarlestur barna. Settir miðar í pott sem dregið var úr í sumarlok, kiljur í verðlaun.

Bókasafnsdagurinn var haldinn um allt land 9. september. Bókasafnið tók þátt með ýmsum viðburðum. Veturnætur í Ísafjarðarbæ voru 24.-26. okt. Bókasafnið tók þátt með dagskrá bangsadagsins á föstudeginum, auk þess var safnið með stóran bókamarkað.

Safnið tók þátt í Norrænu bókasafnavíkunni eftir langt hlé. Stutt dagskrá var haldin föstudaginn 15. nóvember kl. 17. Ljósín slökkt, kveikt á kertum og séríum og lesinn sameiginlegi textann fyrir Norðurlöndin, síðan söng Kvennakór Ísafjarðar.

Í desember var dagskráin Síðdegi í desember, mánudagskvöldið 9. des. Höfundurinn Þröstur Jóhannesson las úr nýrri barnabók sinni og barnakór söng nokkur lög.

Bókasafnið opnaði sérstaka facebooksíðu í maí en hafði áður verið með Safnahúsinu. Áskrifendur síðunnar voru á áramótum 385. Þarna eru t.d. auglýstir viðburðir á safninu og nýtt safnefni.

Opnunartími:

Var óbreyttur frá fyrra ári, 13-18 virka daga og 13-16 á laugardögum og er sá sami allt árið. Opnað var fyrir hádegi nokkra daga sumarsins þegar farþegar stórra skemmtiferðaskipa voru í bænum, fleiri dagar en áður enda skipin fleiri og stærri.

Útlán:

Hafin útlán á vinsælum íslenskum tímaritum í byrjun september en íslensk tímarit hafa ekki áður verið lánuð út, aðeins nokkur erlend.

Farið að lána DVD í 2 fyrir 1 tilboði á föstudögum og laugardögum frá lokum október.

Bókasafnið tekur þátt í rekstri Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, hvar.is, sem nú má finna undir sama hatti og Gegnir: leitir.is.

Tölvur/netaðgangur:

Sex nettölvur eru í húsinu fyrir almenna notkun, tvær af þeim eru ókeypis fyrir fullorðna í 10 mínútur. Þráðlaust net er gjaldfrjálst.



Þingeyri, Flateyri og Suðureyri:

Útibúin á Þingeyri og Suðureyri voru opin í sjálfboðavinnu. Fyrir jólin eru keyptar nokkrar vinsælar skáldsögur og ævisögur.

Kennarar frá Grunnskólunum á Þingeyri og Flateyri koma reglulega og fá lánaðar bækur fyrir skólana.

Barnastarf:

Skólaheimsóknir. Skipulagðar leikskólaheimsóknir voru 12, 102 börn, auk óformlegra heimsókna. Frá Grunnskólanum á Ísafirði kom 4. bekkur í kynningu á sumarlestri og 1. bekkur kom í safnkynningu. Börn úr Grunnskóla Suðureyrar komu í safnkynningu.

Bangsadagurinn. Boðið var upp á dagskrá með bangsaðema fyrir börn í 15. sinn þann 26. október. 55 börn heimsóttu safnið á bangsadaginn.

Sumarlestur barna á grunnskólaaldri var haldinn í sjöunda sinn. Verkefnið stendur í 3 mánuði; júní, júlí og ágúst. 48 börn tóku þátt og fengu allir viðurkenningaskjal og verðlaun. Dregið var úr lukkupottinum um 8 bækur. Styrktaraðilar voru N1, Eymundsson og Dressupgames.


Fundir og námskeið:

EBK sótti vörfund SFA í Hollandi og var kosin í stjórn félagsins. EBK fór einnig á málþingið *Almenningsbókasöfn - mikilvægur fjársjóður til framtíðar*, sem var haldið á bókasafninu í Mosfellsbæ 27. sept. Edda, Helena og Pernilla sóttu vinnustofuna *Stefnumót við framtíðina* sem var haldin af Upplýsingu og SBU á Ísafirði 16. maí., og einnig námskeið Landskerfis bókasafna: *Leitir opna dyr*, Ísafjörður 11. okt.

EBK útskrifaðist með diploma úr framhaldsnámi í Bókasafns- og upplýsingafræði.

PR fór á málþing um opin aðgang (OA) í Háskólanum í Reykjavík 25 okt.

EBK fór á morgunkorn Upplýsingar í Bókasafni Kópavogs um útlán á rafbókum 7. nóv.




HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2013 bárust safninu 34 skjalaafhendingar og fyrirspurnir voru um 110 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Í árslok 2013 voru færslur í aðfangabók 5433. Nokkrir einstaklingar voru við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður.

Áfram var unnið við tölvuskráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og voru 4 starfsmenn í því verkefni. Um haustið kom einn einstaklingur til starfa á vegum Starfsendurhæfingar Vestfjarða og var í hlutastarfi við skönnun ljósmynda. Um sumarið komu þrjár stúlkur á vegum Vinnuskólans og störfuðu til skammst tíma við ýmis verkefni inni á skjalasafni og ljósmyndasafni.

Skjalasafnið kom að uppsetningu nokkurra sýninga á árinu. Fyrst er að nefna sýninguna Vestfirsk leiklist sem var samstarfsverkefni Leikminjasafns Íslands, Skjalasafnsins Ísafirði, Ljósmyndasafnsins Ísafirði og Byggðasafns Vestfjarða. Þá var sýning á gömlu ljósmyndaalbúmi úr fórum Páls Pálssonar í Hnífsdal. Þriðja sýningin var í tengslum við norræna skjaladaginn þar sem sýndar voru elstu gerðabækur byggingar-nefndar Ísafjarðarkaupstaðar, uppskipulagsuppdrættir frá ýmsum tímum og elsta ljósmyndin af Skutulsfjarðareyrinni frá 1866. Auk þess átti skjalasafnið aðild að sumarsýningunni, Brúðkaup fyrr og síðar, þar sem sýndir voru brúðarkjól og brúðhjonamyndir frá ýmsum tímum. Skjalasafnið kom jafnframt að jólasýningunni í hátíðarskapi þar sem sett voru upp jól frá miðri 20. öldinni.



LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn og afhendingar raðað eftir aldri mynda:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skráning	Stafrænt	Áæ.da gsv.
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.822	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	registur	2.242	661
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	sýrufrítt	óskráð		56
Björn Pálsson (1971)	13.159	gler s/h	1891-1915	sýrufrítt	Spjaldskrá/ exc	1.588	734
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	sarpur	231	17
M. Simson einkasafn (1990)	380	gler s/h	1915-1960	sýrufrítt	sarpur	316	21
M. Simson stofumyndir (1974)	29.561	gler s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur		1.652
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð		40
Sigurgeir B. Halldórsson (2008)	873	6x6 filma s/h gler	1930-1970	sýrufrítt	óskráð/á vef	873	48
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	13.986	filma/pappír	1931-1980	sýrufrítt	óskráð		706
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð		56
Arnþrúður Aspelund stofumyndir (2007)	3.000	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur		112
Arnþrúður Aspelund (2011-2012)	1.051	Pappír/ gler	1943-1974	sýrufrítt	registur		
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð		22
Jón Hermannsson	10.037	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð	433	560
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.331	gler / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur		352
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litfilma	1968-1976	sýrufrítt	registur		1.343
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð		56
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá		1.411
Vestfirski Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti		1.377
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur		1.120
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti		806
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	sýrufrítt	Access		608
Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983-2000	sýrufrítt	Access		1.612
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur		1.470
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænar (JPG)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907	0
Kvenfélagið Ársól Suðureyri (2005)	415	pappír	1930-1940	sýrufrítt	óskráð		
Jónas Magnússon Ísafirði (2011)	4.004	pappír/filmur		sýrufrítt	óskráð		
Karitas Hafliðadóttir (2011)	169	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Margrét og Anna Halldórsdætur (2012)	155	pappír/gler sh		sýrufrítt	óskráð		
Knattspyrnufélagið Hörður (2012)	500	pappír		í vinnslu	óskráð		
Þorvaldur Jónsson læknir öfl (2012)	300	pappír	1890-1940	sýrufrítt	óskráð		
Pálsætt (2012)	45	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Gunnlaugur Finsson (2013)	250	pappír /filmur		sýrufrítt	óskráð		

Jón Hermansson (2013)	407	pappír	1950-1990	sýrufrítt	óskráð		
Sigríður J. Bjarnadóttir (2013)	100	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Hjálmar Bárðarson (2013)	119	Slides/pappír		sýrufrítt	óskráð		
Sigurður R. Ólafsson (2013)	251	pappír		S ýrufrítt	Óskráð		
Arnar Geir Hinriksson (2013)	70	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Páll Pálsson (2013)	106	Pappír /albúm		sýrufrítt	óskráð	106	
Samtals	454.525		1870-2007			81.696	14.8
						Ársver	33

31.12 2013

Safninu bárust nokkur einkamyndasöfn á árinu auk þess sem bættist við söfn sem fyrir voru, t.d. Jón Aðalbjörn og Jón Hermansson. Alls bættust 1699 myndir við safnið. Á árinu var að auki unnið við frágang eldri safna og eru öll söfn nú komin í sýrufríar umbúðir. Á árinu 2013 fékk safnið um 113 fyrirspurnir vegna mynda auk þess sem safnið útvegaði myndir/afrit í ýmsar útgáfur á árinu, þetta er mjög vaxandi þáttur í starfsemi safnsins. Í safninu eru nú um 454.525 filmur og ljósmyndir. Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> en síðastliðin þrjú ár hefur áhersla verið á að koma óþekktum myndum á vefinn. Töluverður árangur náðist í merkingu óþekktara mynda á árinu.

Helsu verkefni ársins 2013 voru:

Haldið var áfram að skanna filmur og myndir sem er óþekkt og setja þær á vefinn í þeirri von að hafist upp á nöfnum fólksins.

Haldið var áfram að tölvusetja skrár M. Simson.

Haldið var áfram skráningu í Sarp.

Gengið var frá söfnum sem borist höfðu í sýrufríar umbúðir og stór hluti þeirra skannaður.

Safnið stóð fyrir sýningum ásamt öðrum söfnun hússins. Tók m.a. þátt í sýningu um hvalveiðistöðvar við Djúp.

Sigurður Gunnarsson stóð fyrir sígildri ljósmyndasmiðju í samvinnu við safnið og naut til þess styrks frá Safnasjóði upp á 80.000.-

Safnið fékk einnig styrk upp á 100.000 frá sjóðnum vegna sýningar á maskamyndum en enn er unnið við hana.



SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í SAFNAHÚSINU:

Skráðir gestir á sýningum voru um 3700 (3700) - sýningar og atburðir í húsinu voru: 18

Þessar sýningar og atburðir voru í húsinu á árinu:

Vestfirsk leiklist

Guðmundur Viborg

Hvalveiðar við Djúp—Vilborg Arnarsdóttir

Brúðkaup fyrr og nú

Muses—”Blátt”

Sumarlestur og uppskeruhátíð

Bókasafnsdagurinn

Bangsadagurinn

Fyrirlestur Þórunnar Sigurðardóttur “Kvæðabók úr Vigur”

Norræni skjaladagurinn

Veturnætur:

- Bókamarkaður

Fossaganga - Unnur Óttarsdóttir og Dagrún Matthíasdóttir


Norræna bókasafnavikan

“Í hátíðarskapi” jólasýning safnanna

Lestur og kórsöngur á aðventu

Húslestrar ársins voru alls 3 og í samstarfi við Kómedíuleikhúsið

Húsið opið tvo sunnudaga vegna skemmtiferðaskipa



STARFSMENN:

Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Helena Björk Þrastardóttir, bókavörður (100%), Pernilla Rein, bókasafnsfræðingur (60%) og Hallberg Brynjar Guðmundsson og Vésteinn Rúnarsson bókaverðir í hlutastarfi. Davíð Kristjánsson bókavörður á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Marías Þórðarson á Suðureyri. Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Ester Ingadóttir, Sigríður Káradóttir, Svanhildur Þórðardóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir. Björn Baldursson (50%) tímabundið hjá ljósmyndasafninu og Kristín Sæmundsdóttir vann tímabundið við skönnun fyrir ljósmyndasafnið. Þá unnu 3 stúlkur úr vinnuskólanum fyrir söfnin hluta úr sumri. Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður (100%).